

1993. – 1063 ár frá stofnun Alþingis.
117. löggjafarþing. – 77. mál.

80. Tillaga til þingsályktunar

um styttingu vinnutíma.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir,
Kristín Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir styttingu vinnuvikunnar með það að markmiði m.a. að skapa fleiri störf. Vinnuvika í dagvinnu verði stytt í 35 stundir í áföngum og án kjaraskerðingar. Haft verði samráð við aðila vinnumarkaðarins og jafnframt kannað hvort slík aðgerð geti verið liður í kjarasamningum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var fyrst flutt á vorþingi 1993 og er nú endurflutt óbreytt.

Umræða um styttingu vinnutíma hefur skotið upp kollinum af og til á undanförunum árum. Fólki er farið að blöskra langur vinnudagur Íslendinga, vinnudagur sem er mun lengri en í nágrannalöndunum. Ein helsta ástæða svo langs vinnudags er að dagvinnulaun duga fáum til framfærslu. Þess vegna er hæpið að grundvöllur sé fyrir styttingu vinnutíma nema það gerist án kjaraskerðingar.

Atvinnuleysi hefur vaxið á undanförunum árum. Frá því í september 1992 til ágústloka 1993 var það 4% að meðaltali þrátt fyrir að gripið hafi verið til allnokkurra aðgerða gegn atvinnuleysi. Þrátt fyrir vaxandi atvinnuleysi hefur vinnudagur Íslendinga lítið styst og *lengdist* raunar milli ára hjá ýmsum stéttum frá ársbyrjun 1992 til ársbyrjunar 1993. Meðalvinnutími fullvinnandi fólks var á fyrsta ársfjórðungi 1993 46,2 stundir á viku skv. upplýsingum Kjararannsóknarnefndar. Það skýtur skökku við að á tímum atvinnuleysis skuli stöðugildi í landinu ekki deilast á fleiri en raun ber vitni. Lítt hefur verið hugað að því að deila störfum milli fleiri en nú er gert. Fáir minnka við sig vinnu ótilneyddir og taka á sig það tekjutap sem af því leiðir. Á einstaka vinnustað hefur starfsfólk þó mætt samdrætti með því að deila á milli sín þeirri vinnu sem til skiptanna er til þess að koma í veg fyrir uppsagnir einhverra úr hópnem og þannig tekið á sig kjaraskerðingu. Í þessari tillögu er hins vegar gert ráð fyrir að unnt verði að stytta vinnudag hvers og eins án kjaraskerðingar. Ýmis fyrirtæki hafa hagrætt verulega á undanförunum árum og afköst starfsfólks aukist. Í flestum tilvikum kemur slík hagræðing aðeins fyrirtækinu til góða en ekki starfsfólki sem innir af hendi meiri vinnu á skemmri tíma. Einnig er rétt að hafa í huga að aðstöðugjaldi hefur nú verið létt af íslenskum fyrirtækjum og tekjuskattur þeirra lækkaður. Þessar breytingar ættu að skapa svigrúm til styttingar vinnutíma.

Í tillögunni er lagt til að kannað verði hvort slíkar breytingar á vinnutíma geti greitt fyrir samningum á vinnumarkaðinum. Mikil áhersla hefur verið lögð á atvinnuáttak í tengslum við kjarasamninga. Stjórnvöld hafa átt þátt í þríhliða samningaviðræðum ásamt launþegum og vinnuveitendum. Eðlilegt er að ræða styttingu vinnutíma í slíkum viðræðum. Með styttingu vinnutíma er hægt að skapa fjölmörg störf og spara samfélaginu umtalsverðar fúlgur sem ella væru greiddar í atvinnuleysisbætur. Þannig væru stjórnvöld í stakk búin til að mæta auknum útgjöldum vegna styttingar vinnutíma opinberra starfs-

manna og líklega aflögufær til að hlaupa undir bagga ef atvinnurekendur teldu lækkun skatta og hagræðingu undanfarinna ára ekki hrökkva fyrir kostnaði við styttingu vinnuvikunnar.

Samkvæmt upplýsingum í könnun á högum og aðstæðum atvinnulausra, „Atvinnulausir á Íslandi 1993“, kemur fram að 59,6% aðspurðra voru sammála fullyrðingunni: „Þegar atvinna er af skornum skammti ætti að stytta vinnuvikuna í þeirri von að fleiri geti fengið starf.“ Einungis 29,3% aðspurðra voru ósammála, 11,1% voru óvissir eða neituðu að svara.

Stytting vinnuvikunnar hefur fleiri kosti. Varla leikur á því vafi að þörf er á því að fjölga samverustundum fjölskyldunnar. Mjög margir vinna langan vinnudag af illri nauðsyn. Samkvæmt lífshjúðingarkönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, sem út kom árið 1990, telja 36,1% Íslendinga að þeir vinni of langan vinnudag. Ef litið er á fjölskyldur með börn fer hlutfallið upp í 40,4% hjá fólki í sambúð en 51,1% hjá einstæðum foreldrum. Helstu ástæður, sem upp eru gefnar fyrir því að foreldrar vilja vinna styttri vinnudag, eru: Vilji til að sinna áhugamálum, fjölskyldu og börnum. Fjárhagur fjölskyldunnar er ein helsta ástæða þess að fólk telur sig ekki geta minnkað við sig vinnu, 39% telja það meginástæðuna. Ef einungis er litið á afstöðu kvenna til langs vinnutíma kemur í ljós að 48,3% kvenna telja sig verða að vinna langan vinnudag af fjárhagsástæðum fyrst og fremst.

Umræða um styttingu vinnutíma er ekki ný af nálinni á Íslandi. Á 110. löggjafarþingi fluttu þingmenn Alþýðubandalagsins þingsályktunartillögu um styttingu vinnutímans (456. mál) og á 113. löggjafarþingi fluttu tveir þingmenn Alþýðuflokksins einnig tillögu um styttingu vinnutíma (315. mál).

Þegar atvinnuleysi knýr að dyrum hlýtur að verða að taka þessa umræðu upp af meiri alvöru en nokkru sinni fyrr. Stytting vinnuvikunnar gæti skapað fleiri störf en nokkur önnur einstök aðgerð. Það er sameiginlegt hagsmunamál stjórnvalda, launþega og atvinnurekenda að snúa við þeirri óheillaþróun sem aukning atvinnuleysis er. Sú ábyrgð hvílir á herðum þeirra að leita allra hugsanlegra leiða í baráttunni við atvinnuleysisvofuna. Í þessari tillögu er bent á raunhæfan kost í þeirri baráttu.

Fylgiskjal I.

Hagstofa Íslands og
Nordiska statistiska sekretariatet:

Samanburður á vinnutíma á Íslandi og öðrum Norðurlöndum.
(Úr Leva i Norden, tabellbilaga, 1992.)

Tabell S9. d. Medelveckoarbetstid
Särredovisning efter socioekonomisk grupp

Socioekonomisk grupp	Danmark	Finland	Island	Norge	Sverige
Arbetare					
Ej facklärd	37,3	39,9	44,6	30,4	35,8
Facklärd	39,4	40,4	56,2	37,2	38,3
Samtliga	38,0	40,1	49,5	33,1	36,9
Tjänsteman					
Lägre	35,4	38,1	37,5	31,1	32,7
Mellanivå	37,8	40,3	43,0	35,8	37,4
Högre	41,6	44,1	51,8	40,5	42,2
Samtliga	37,3	39,9	42,3	34,9	36,2
Företagare					
Företagare	50,9	50,4	54,8	39,7	17,4
Jordbrukare	51,5	51,5	67,0	42,2	22,1
Samtliga	51,0	51,1	57,8	40,6	18,9
Ej yrkesaktiva					
Studera		7,9	20,8	8,6	4,7
Hemarbetande		39,7		14,4	28,3
Pensionärer		10,5		10,0	3,4
L.g.v. arbetslösa					24,7
Samtliga		15,7	20,8	10,5	15,0
Samtliga	39,0	41,6	47,5	35,1	36,1

Tabell S9. e. Medelveckoarbetstid
Regional särredovisning

Region	Finland	Island	Norge	Sverige
Huvudstäderna	41,2	45,5	35,1	37,7
Göteborg				35,9
Malmö				36,2
Bergen			35,0	
Tammerfors	41,1			
Åbo	41,0			
Trondheim			32,4	
Södra Finland	41,4			
Västra Finland	41,3			
Östra Finland	42,0			
Sydvest Island		45,4		
Övriga Island		51,4		
Östlandet			35,3	
Agder, Fogaland			34,6	
Vestlandet			34,6	
Trøndelag			34,4	
Östra Mellan Sverige				36,7
Småland med Gärna				35,5
Syd Sverige				36,0
Väst Sverige				35,4
Norra Mellan Sverige				36,0
Norra Finland	42,0			
Nord Norge			36,0	
Mellersta Norrland				35,8
Övre Norrland				34,7
Samtliga	41,5	47,5	35,1	36,0

S9. f. Nr.spurningar / nr.spørsmål / nr. frågor

Finland	150.	
Island	15a.	Hversu löng var vinnuvikan hjá þér að jafnaði í síðasta mánuði? Hér er átt við heildarvinnutíma í aðalstarfi og aukastarfi, þ.m.t. yfirv. og heimavinnu (undirbúningsv.) sem því fylgir.
	20.	
Norge	19.	Hvor mange timer pr. uke arbeider du vanligvis i ditt hovedyrke? Regn også med betalte overtidstimer, og ekstrarbeid i hjemm i forbindelse med dette arbeidet.
Sverige	48a.	Hur många timmar arbetar du vanligt per vecka i din huvudsakliga anställning?

Fylgiskjal II.

Úr fréttabréfi kjararannsóknarnefndar.
(1. ársfjórðungur 1993, ágúst 1993.)

Tafla 1.3. Meðalfjöldi vinnustunda á viku hjá fólki í fullu starfi.

Starfsstéttir	1. ársfj. 1992	1. ársfj. 1993	Breyting tímar
Verkakarlar	48,9	49,8	0,9
Verkakonur	43,9	45,1	1,2
Iðnaðarmenn	46,7	46,2	-0,5
Afgreiðslukarlar	46,1	46,2	0,1
Afgreiðslukonur	45,0	45,5	0,5
Skrifstofukarlar	41,7	41,3	-0,4
Skrifstofukonur	40,1	40,2	0,1
ASÍ-landv.fólk	45,7	46,2	0,5

Fylgiskjal III.

*Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og
Hagstofa Íslands:*

Úr bók Stefáns Ólafssonar, Lífskjör og lífshættir á Íslandi.
(Júní 1990.)

Finnst þér núverandi heildarvinnutími þinn á viku vera hæfilegur eða kysirðu heldur lengri eða skemmri vinnutíma? Við göngum þá út frá því að launin breytist í samræmi við vinnutímamann.

	Hæfilegur	Of langur	Of stuttur	Fjöldi
Allir	56,8	36,1	7,1	1301
Karlar	53,3	40,7	6,0	681
Konur	60,6	31,1	8,2	620
16-24 ára	65,4	24,2	10,4	260
25-44 –	53,0	39,6	7,4	636
45-66 –	53,9	41,0	5,1	356
67-75 –	81,6	18,4	0,0	49
Verkafólk-ófagl.	62,6	27,2	10,2	265
Verkafólk-fagl.	55,6	38,4	6,1	99
Þjónustust.-lægrí	60,6	31,4	7,9	353
Þjónustust.-milli	56,8	38,6	4,5	220
Þjónustust.-hærri	52,1	42,3	5,6	71
Bændur og sjómenn	55,7	39,1	5,2	115
Sjálfst. starfandi	43,4	50,9	5,8	173
Í sambúð án barna	57,6	36,8	5,6	465
Í sambúð með börn	53,2	40,4	6,4	438
Einhleypir án barna	62,4	27,9	9,8	348
Einhleypir með börn	42,2	51,1	6,7	45
Reykjavík	58,4	34,5	7,1	507
Reykjanes	59,4	33,1	7,5	320
Vesturl. og Vestf.	50,0	36,2	13,8	116
Norðurland	48,9	44,0	7,1	182
Austurl. og Suðurl.	60,2	38,1	1,7	176

Hvert þessara atriða er megin ástæðan fyrir því að þú kysir styttri vinnutíma? Nefnið aðeins eina ástæðu. (Þeir spurðir sem segjast vilja styttri vinnutíma.)

	Vinn of mik.	Sinna börn.	Sinna heim.	Vegna heilsu	Borgar sig ekki	Vil sinna áhugam.	Vil hafa rólegt	Ann- að	Fjöldi
Allir	14,2	13,1	19,5	9,1	3,3	24,8	6,0	10,2	452
Karlar	15,9	8,5	23,2	9,6	2,6	23,2	7,4	9,6	271
Konur	11,6	19,9	13,8	8,3	4,4	27,1	3,9	11,0	181
16-24 ára	11,7	10,0	6,7	0,0	8,3	55,0	3,3	5,0	60
25-44 –	13,1	20,5	26,6	5,3	2,0	17,2	3,3	11,9	244
45-46 –	17,3	2,2	13,7	18,7	2,9	25,9	11,5	7,9	139
67-75 –	11,1	0,0	0,0	22,2	11,1	11,1	11,1	33,3	9
Verkafólk-ófagl.	13,2	11,8	13,2	10,3	5,9	29,4	5,9	10,3	68
Verkafólk-fagl.	8,3	5,6	25,0	11,1	5,6	25,0	2,8	16,7	36
Þjón.st.-lægrí	11,5	12,5	23,1	7,7	5,8	22,1	4,8	12,5	104
Þjón.st.-milli	18,1	24,1	18,1	8,4	2,4	21,7	2,4	4,8	83
Þjón.st.-hærri	13,8	10,3	17,2	0,0	0,0	51,7	0,0	6,9	29
Bænd. og sjóm.	24,4	2,2	8,9	17,8	2,2	17,8	20,0	6,7	45
Sjálfst. starf.	11,6	14,0	25,6	8,1	0,0	20,9	7,0	12,8	86
Í sambúð án b.	16,4	3,0	15,8	16,4	3,0	28,5	8,5	8,5	165
Í sambúð með b.	9,5	24,9	31,4	3,0	1,2	14,2	4,7	11,2	169
Einhleyp. án b.	18,9	2,1	4,2	8,4	7,4	43,2	5,3	10,5	95
Einhleyp. m. b.	14,3	47,6	19,0	0,0	4,8	0,0	0,0	14,3	21
Reykjavík	13,8	12,6	18,0	7,8	3,0	25,7	4,2	15,0	167
Reykjanes	13,6	15,5	20,4	9,7	3,9	26,2	6,8	3,9	103
Vesturl. og Vestf.	22,5	15,0	17,5	10,0	7,5	17,5	7,5	2,5	40
Norðurland	13,0	11,7	16,9	7,8	2,6	27,3	9,1	11,7	77
Aust.- og Suðurl.	12,3	10,8	26,2	12,3	1,5	21,5	4,6	10,8	65

Fylgiskjal IV.*Félagsmálaráðuneytið:*

**Upplýsingar úr „Atvinnulausir á Íslandi 1993“,
könnun á högum og aðstæðum atvinnulausra.
(Unnið af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands í apríl 1993.)**

Þegar atvinna er af skornum skammti ætti að stytta
vinnuvikuna í þeirri von að fleiri geti fengið starf

	Sam mála	Ósam mála	Fjöldi
Allir	67,1	32,9	720
Atv.- og fjölsk.aðstæður			
Atv.l. fyrirv. n/fjölsk.	75,3	24,7	93
Atv.l. m/vinnandi maka	68,1	31,9	135
Atv.laus einhleypingur	68,3	31,7	145
Aðrir (nemar/örýrkj.)	60,6	39,4	33
Í vinnu	64,4	35,6	312
Kyn *			
Karl	63,2	36,8	375
Kona	71,3	28,7	345
Aldur ***			
18-24 ára	57,7	42,3	196
25-39 ára	60,2	39,8	246
40-54 ára	75,9	24,1	145
55-75 ára	84,2	15,8	133
Atvinnugrein			
Landbúnaður	62,5	37,5	24
Fiskveiðar	63,4	36,6	71
Fiskvinnsla	65,3	34,7	199
Byggingariðnaður	67,2	32,8	58
Annar iðnaður	61,0	39,0	77
Verslun og samgöngur	68,2	31,8	66
Opinber þjónusta	77,3	22,7	66
Önnur þjónusta	67,8	32,2	143
Stétt			
Verkafólk	68,5	31,5	416
Afgreiðslufólk	59,1	40,9	44
Sjómenn	56,7	43,3	60
Iðnaðarmenn/verkstj.	67,8	32,2	87
Skrifstofu-, þjónustufólk	67,9	32,1	78
Sérfræð./stjórnendur	81,8	18,2	11
Nám *			
Minna en grunnsk.nám	79,6	20,4	54
Gagnfr./grunnskólanám	63,1	36,9	393
Starfsnám	74,0	26,0	77
Bóklegt framhald	63,9	36,1	72
Verklegt framhald	68,3	31,7	101
Háskólapróf	86,4	13,6	22
Lengd atvinnuleysis			
Minna en mánuð	64,6	35,4	144
1-6 mánuði	67,0	33,0	364
6-12 mánuði	71,3	28,7	101
Meira en ár	74,5	25,5	47
Búseta			
Reykjavík	69,1	30,9	191
Reykjanes	62,0	38,0	166
Landsbyggð	68,3	31,7	363